

# Umsókn um bankaábyrgð – einstaklingar

Letter of Guarantee/Standby Letter of Credit



Númer ábyrgðar:

## Umsækjandi

Nafn:	Kennitala:
Heimilisfang:	Sími:
Póstnúmer:      Staður:	Netfang:

## Ábyrgðarhafi/móttakandi

Nafn:	Kennitala:
Heimilisfang:	Viðtökubanki ábyrgðarhafa erlendis:
Póstnúmer:      Staður:	
Land:	Tölvupóstur óskast sendur til:

## Ábyrgðarskilmálar

Gjaldmiðill:	Fjárhæð:
Ábyrgðarfjárhæðin breytist í samræmi við breytingar á:	
<input type="checkbox"/> Án vísitölu (fjárhæð breytist ekki)	
<input type="checkbox"/> Vísitölu neysluverðs, grunnvísitölu: _____	
<input type="checkbox"/> Önnur vísitala: _____, grunnvísitala: _____	
Ábyrgðin gildir til (dagsetning eða atvik):	
Lýsing á skuldbindingu sem ábyrgðin á að tryggja (afrit af samningi/pöntun/reikningi skal fylgja):	
Skjöl sem skal framvísa með kröfu (t.d. yfirlýsing ábyrgðarhafa um vanskil, afrit reiknings, afrit farmbréfa):	
Annað:	<input type="checkbox"/> Um ábyrgðina gilda reglur ICC „URDG“ um greiðsluábyrgðir
	<input type="checkbox"/> Um ábyrgðina gilda reglur ICC „ISP98“ um greiðsluábyrgðir
	<input type="checkbox"/> Aðrar reglur, hverjar: _____

## Skuldfærslureikningur

Bankanum er heimilt að skuldfæra þóknun og kostnað samkvæmt verðskrá bankans, erlendan bankakostnað og ábyrgðarfjárhæð af eftirfarandi reikningi: Reikningsnúmer: \_\_\_\_\_

## Almennt

- Umsækjandi óskar eftir því að Íslandsbanki hf. („bankinn“) gefi út bankaábyrgð til tryggingar efdum umsækjanda á skuldbindingu samkvæmt ofanskráðum samningi milli umsækjanda og ábyrgðarhafa sem lýst er hér að ofan (í skilmálum þessum nefnd „ábyrgð“ eða „ábyrgðaryfirlýsing“).
- Nema annað sé sérstaklega tilgreint hér að ofan gilda skilmálar alþjóðaviðskiptaráðsins um greiðsluábyrgðir (ICC Uniform Rules For Demand Guarantees – ICC publication No. 758) um þá ábyrgð sem bankinn gefur út samkvæmt umsókn þessari.
- Ábyrgð sem bankinn gefur út samkvæmt umsókn þessari er sjálfstæð og verður ekki hluti af ofanskráðum samningi milli umsækjanda og ábyrgðarhafa.
- Ábyrgð sem gefin verður út samkvæmt umsókn þessari skal vera óafturkallanleg á gildistíma hennar.



EY-1204 - 27062018

- Ef sótt er um verkábyrgð samkvæmt umsókn þessari gildir verkábyrgðarsamningur milli umsækjanda og bankans einnig um þá ábyrgð sem gefin er út samkvæmt þessari umsókn og skal umsókn þessi teljast órjúfanlegur hluti af þeim samningi og öfugt.
- Þegar bankinn hefur samþykkt umsókn þessa gefur bankinn út ábyrgðina til ábyrgðarhafa. Ábyrgð sem gefin verður út samkvæmt umsókn þessari er ekki framseljanleg nema með samþykki bankans.
- Þær persónuupplýsingar sem Íslandsbanki fær frá umsækjanda eða þriðja aðila í tengslum við umsókn þessa eru notaðar við framkvæmd samnings í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Íslandsbanki kann einnig að nýta persónuupplýsingar um umsækjanda í markaðslegum tilgangi, svo sem til þess að auka eða bæta þjónustu og vöruframboð. Umsækjandi getur þó óskað eftir því að upplýsingarnar séu ekki nýttar í markaðslegum tilgangi. Nánari upplýsingar um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga hjá Íslandsbanka má finna hér: [www.islandsbanki.is/personuvernd](http://www.islandsbanki.is/personuvernd)

Umsækjandi staðfestir að hafa kynnt sér og samþykkt almenna viðskiptaskilmála Íslandsbanka sem gilda í viðskiptum milli bankans og viðskiptavina hans. Skilmálarnir eru aðgengilegir á vef Íslandsbanka hf. [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)

- Með undirritun sinni samþykkir umsækjandi þessa skilmála og staðfestir jafnframt að hafa kynnt sér efni þeirra.

#### Undirrituðum umsækjanda er ljóst að eftirfarandi gildir um meðhöndlun krafna

- Bankinn ábyrgist greiðslu ofangreindar ábyrgðarfjárhæðar gegn skriflegri kröfu ábyrgðarhafa auk skriflegrar lýsingar hans á vanefndum umsækjanda á þeirri skuldbindingu sem tilgreind er hér að ofan. Ef skilmálar ábyrgðaryfirlýsingar áskilja að framvísa skuli öðrum skjölum eða gögnum með kröfu skal tilgreina það í viðeigandi reit hér að ofan og skal þá framvísun slíkra gagna einnig vera skilyrði fyrir því að greitt verði samkvæmt ábyrgðinni.
- Bankanum ber ekki að sannreyna efni yfirlýsinga ábyrgðarhafa um vanefndir umsækjanda eða annarra skjala sem skulu fylgja með kröfu. Bankanum ber eingöngu að gæta þess að tilskildum skjölum sé framvísað og hvort af efni skjalanna sjálfra megi ráða að samræmi sé milli þeirra innbyrðis og við skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar.
- Berist bankanum krafa um greiðslu samkvæmt ábyrgð útgefinni samkvæmt umsókn þessari skal bankinn upplýsa umsækjanda um kröfuna innan tveggja virkra daga frá því hún berst bankanum nema aðstæður leiði til annars.
- Berist skrifleg krafa um greiðslu í samræmi við skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar, auk þeirra skjala sem ábyrgðaryfirlýsing tilgreinir að skuli fylgja kröfu, skal bankinn greiða ábyrgðarfjárhæðina til ábyrgðarhafa innan fimm virkra daga frá því slík krafa berst.
- Berist krafa sem fullnægir skilyrði um greiðslu samkvæmt ábyrgð sem gefin er út skv. umsókn þessari, innan gildistíma ábyrgðarinnar, er Íslandsbanka heimilt, en þó ekki skylt, að framlengja ábyrgðina, án þess að afla samþykkis umsækjanda, í stað þess að greiða hana út ef ábyrgðarhafi fer þess á leit við bankann.
- Ofangreind skylda bankans til greiðslu ábyrgðarfjárhæðarinnar til ábyrgðarhafa samkvæmt ábyrgðinni er sjálfstæð og án tillits til þess hvort ágreiningur sé fyrir hendi á milli umsækjanda og ábyrgðarhafa um réttar efndir samnings að baki ábyrgðinni. Bankinn tekur þannig enga afstöðu til efnda og er allur ágreiningur um hvort vanefnd sé til staðar bankanum óviðkomandi.

#### Greiðslur umsækjanda

- Umsækjandi skal greiða ábyrgðarþóknun og allan kostnað af útgáfu ábyrgðarinnar og tryggingarráðstöfunum sem bankinn gerir að skilyrði fyrir útgáfu hennar.
- Greiði bankinn kröfu ábyrgðarhafa samkvæmt ábyrgð sem gefin verður út skv. umsókn þessari eignast bankinn endurkröfu á hendur umsækjanda og skuldbindur umsækjandi sig til að standa skil á ábyrgðarfjárhæðinni, auk vaxta og kostnaðar, þegar bankinn gerir kröfu þar um eða samkvæmt samkomulagi. Ef ábyrgðarfjárhæðin er í erlendum gjaldmiðli er bankanum heimilt að umreikna þá fjárhæð sem greidd var vegna ábyrgðarinnar í íslenskar krónur miðað við sölugengi bankans á greiðsludegi.
- Dráttarvextir, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, reiknast af fjárhæð þeirrar kröfu sem ábyrgðarhafi gerir undir ábyrgðinni frá þeim degi sem bankinn greiðir skv. skilmálum hennar og þar til umsækjandi greiðir bankanum.
- Bankanum er heimilt að skuldfæra framangreindan skuldfærslureikning umsækjanda fyrir allri ábyrgðarfjárhæðinni, auk vaxta og kostnaðar. Skuldbindur umsækjandi sig til að hafa næga innistæðu á reikningnum til greiðslu allri endurkröfunni, ásamt þóknun bankans og kostnaði vegna ábyrgðarinnar.
- Bankanum er heimilt, einhliða og án fyrirvara, að ganga að þeim tryggingum sem settar hafa verið fyrir efndum umsækjanda á skuldbindingum gagnvart bankanum skv. umsókn þessari.
- Tryggingar sem settar hafa verið fyrir efndum umsækjanda á skuldbindingum samkvæmt umsókn þessari skulu halda gildi sínu í að lágmarki einn mánuð umfram gildistíma ábyrgðar sem gefin verður út skv. umsókninni eða við framlengingu jafnvel þó ekki hafi borist krafa frá ábyrgðarhafa innan gildistíma ábyrgðarinnar.

Umsækjandi er raunverulegur eigandi þeirra fjármuna sem kunna að berast bankanum vegna ábyrgðar þessarar og uppruni fjármagns er rekstrarfé nema annað sé tilgreint hér: \_\_\_\_\_

Með undirritun sinni staðfestir umsækjandi að viðskipti þessi séu ekki í þágu þriðja aðila.

Staður \_\_\_\_\_ Dags. (DD.MM.ÁÁÁÁ) \_\_\_\_\_

Undirskrift umsækjanda

#### Útfyllist af starfsmanni Íslandsbanka:

<b>Ef verkábyrgð:</b>			
<input type="checkbox"/> Verkábyrgðarsamningur er til undirritaður (EY-1296) <b>(Tveir starfsmenn skrifa undir f.h. Íslandsbanka)</b>			
Lánaflokkur/kjörvaxtaþrep	Samþykkt:	Samþykkt:	Stimpill útibús